

# 36. stjórnarfundur Bergrisans bs.

15. febrúar 2022

Fundur hófst klukkan 14:30 í fjarfundi á Teams

**Mætt:** Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar. Einnig mættu fyrir þjónustusvæðin Melkorka Jónsdóttir velferðasviði Árnespings, Heiða Ösp Kristjánsdóttir frá velferðasviði Árborgar og Svava Davíðsdóttir frá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Gestur fundarins undir lið nr. 5 var Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögmaður. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð.

## Dagskrá

### 1. Rekstrargrundvöllur Bergrisans bs.

Formaður stjórnar Bergrisans bs og verkefnisstjóri hafa fundað með jöfnunarsjóði vegna framlags til sjálfstæðra rekstraraðila. Verkefnisstjóra falið að útbúa erindi til sjóðsins varðandi framlag til rekstrar sjálfstæðra rekstraraðila árið 2021.

Ljóst er að framlög Jöfnunarsjóðs til reksturs málaflokks fatlaðs fólks á Suðurlandi standa alls ekki undir kostnaði og rekstrargrundvöllur Bergrisans bs því í uppnámi.

### 2. Matsnefnd byggingar nýs íbúðarkjarna

Stjórn Bergrisans bs óska eftir að eftirtaldir aðilar skipi matsnefndina; Gísli Halldór Halldórsson, Steinunn Jónsdóttir forstöðuþroskaþjálfari, Atli Marel Vokes sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs. Verkefnisstjóra falið að leita eftir fjórða fulltrúanum til setu í matsnefndinni.

### 3. Breiðabólstaður

Tilraunir til að ná samkomulagi við rekstraraðila Breiðabólstaðar vegna skila á upplýsingum um reksturinn hafa reynst árangurslausar. Stjórn Bergrisans bs felur verkefnisstjóra að tilkynna málið til þar til bærra aðila.

### 4. Beingreiðslusamningur

Fyrir liggur beiðni um hækkun á beingreiðslusamningi frá Árnespingi. Verkefnisstjóra falið að óska eftir upplýsingum um rekstur samningsins og skýrslu um starfsmannahald vegna ársins 2021 líkt og núverandi samningur kveður á um. Stjórn óskar jafnframt eftir því að endurmat verði unnið samhliða á SIS-mati vegna málsaðila.

### 5. Skaftholt undirbúningur samningsviðræðna

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögmaður upplýsir stjórn um undirbúning vegna samningaviðræðna við rekstraraðila Skaftholts.

Fundi slitið kl. 16:30

